

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB frá 22. mars 2007 um sameiginlegt snið fyrir fyrstu skýrslu aðildarríkja um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 9. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9a. **32007 D 0205:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB frá 22. mars 2007 um sameiginlegt snið fyrir fyrstu skýrslu aðildarríkja um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda (Stjtið. ESB L 91, 31.3.2007, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/205/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 9.8.2007, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 31.3.2007, bls. 48.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.